


Skólanámskrá

2024 – 2025



Nám og kennsla
5. bekkur

Umsjónarkennarar
Júlia Scheving Steindórsdóttir
Nana K.G. Arnarsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 5. bekk	3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla	3
Námsmat	4
Lykilhæfni	4
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi	4
Íslenska	5
Stærðfræði	6
Samfélagsgreinar	7
Náttúrugreinar	8
Enska	9
Heimilisfræði	11
Hönnun og smíði	11
Myndlist	12
Textflmennt	13
Upplýsinga- og tæknimennt	14
Skólaíþróttir	15
Áhugasviðsverkefni	16
Listir	16
Leiklist	17
Dans	17
Tónmennt	18

Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennrar 5. bekkjar eru Júlíja Scheving Steindórsdóttir og Nana K. G. Arnarsdóttir. Heimastofur eru 203 og 204. Stuðningsfulltrúi eru Elva Rún Davíðsdóttir og Særós Pálsdóttir. Nemendur fá 35 kennslustundir á viku.

Aðrir kennrar:

- Íþróttir – Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir, Heiðrún Rós Þórðardóttir og Margrét Ó Richardsdóttir
- Sund – Ásgerður Bjarklind Bjarkardóttir, Helga Hafsteinsdóttir og Margrét Ó Richardsdóttir
- Heimilisfræði – Anna Kristín Friðriksdóttir
- Textílmennt – Margrét Sigrún Þórólfssdóttir
- Hönnun og smíði – Valbjörg Ómarsdóttir
- Myndlist – Helena Maria Guttesen
- Hópefli í smiðjum – Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir
- Leiklist og dans í smiðjum – Tanja Marín Unnarsdóttir og Dagbjört Kristinsdóttir
- Listir í smiðjum – Berglind Richardsdóttir
- Forritun í smiðjum – Guðmunda Guðlaug Sveinsdóttir

Viðmiðunarstundaskrá fyrir 5. bekk

- Íslenska – 8 stundir
- Stærðfræði – 5 stundir
- Samfélagsgreinar – 4 stundir
- Náttúrufræðigreinar – 4 stundir
- Enska – 2 stundir
- Íþróttir/sund – 3 stundir
- List- og verkgreinar – 4 stundir
- Upplýsingar- og tæknimennt – 2 stundir
- Tónmennt – 1 stund
- Áhugasviðsverkefni /val – 2 stundir

Samtals: 35 stundir á viku

Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stíganda í læsisnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálgast má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.

90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
90	140	160

Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lesfimi er metið í september/janúar/maí (tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla..

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.

- Ólokið, ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
- Hæfni ekki náð, ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
- Þarfnaðar þjálfunar, ef nemandi þarfnaðar frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- Á góðri leið, ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- Hæfni náð, ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- Framúrskarandi, ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

Lykilhæfni

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 5. bekkjar eru fjölskyldur – ólíkar fjölskyldugerðir, vinir og vinátta, sjálfsmyndin og ég, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.

Íslenska

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 5.-7. bekk í fjóra þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 5. bekk

Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert sér nokkra grein fyrir eigin mál og hefur skilning á gildi þess að bæta það.	Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.	Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.	Notað allrifkulegan orðaforða í ræðu og rit, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.			

Kennsluefni og kennslugögn

- Orðspor 1 grunnbók og vinnubók
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins ásamt frjálslestrarbókum
- Flökkuskinna
- Fyrsti Smellur
- Benjamín dúfa, bók og kvíkmynd
- Samlestrarbækur, Varúð, Norn og Jötunn
- Samtímasögur
- Skriftaræfingar
- Stafsetningaræfingar
- Ýmis ljósrit frá kennara
- Málsmiðjan (vefur)
- Réttitunarorðabók

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Nemendur koma fram og tjá sig, lesa skýrt upphátt auk þess að læra að hlusta af athygli.
- Innlfunaraðferðir og tjáning: nemendur lifi sig inn í aðstæður og/eða tjái sig með einhverjum hætti.
- Nemendur lesa upphátt alla daga.
- Nemendur skrifa frásagnir, skrifa sögu þar sem uppbygging ritunar er notuð.
- Nemendur leysa lesskilningsverkefni.
- Nemendur læra algeng hugtök í bragfræði og ljóð.
- Læsisvikur.
- Nemendur læra stafsetningarreglur og vinna verkefni eftir upplestri og villulausar æfingar.
- Sóknarskrift/hlaupastílar
- Nemendur skrifa eftir forskrift í tengiskrift og vinna verkefni tengd því.
- Sýnikennsla, kennari sýnir tiltekinn vinnubrögð eða aðferðir.

- Nemendur vinna fjölbreytileg málfræðiverkefni, ýmist sjálfstætt eða í hópum.
- Þulunám og þjálfunaræfingar: þekking nemenda er könnuð og fest í minni, leikni þjálfuð og þekking efla á ákveðnum sviðum.
- Kennarinn fylgist með og bregst við þörfum hvers og eins, t.d. með auðveldari/pyngri verkefnum, spjaldtölvum, hlustunarefní og ljósritum.

Námsmat

- Lesfimipróf í september, janúar og maí
- Lesskilningspróf í október, febrúar og apríl, meðaltal í febrúar og apríl fer á vitnisburð
- Símat í gegnum verkefnavinna og kannanir
- Matsrammi vegna lesfimi

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í sjö flokkum. Þrír flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningur; rúmfræði og mælingar og tölfræði. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 5. bekk

Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.	Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í fraunverulegum aðstaðum. rannsakað aðferðir til að	Rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölur og hlutbundin gögn.	Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.
---	---	--	---

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, þæð í huga og á blaði.	Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.	Leyst stærðfræðiprautir umviðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á frvri revnslu og bekkingu.	Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tólvuforritum og skriflegum útreikningum.
Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.	Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.	Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.	Rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á
Sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlagar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.	Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknifirkon, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og dælegu lífi.	Skráð hlutföll og brot á ólíska vegu og sýnt fram að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta.	Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.
Spurt, tjáð sig munnlaga og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innisynt í hvers konar svara má vænta.	Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.	Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talhalínu, vasareikna og tölur, til rannsókná á stærðfræðilegum	Þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélagini, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr beim og finna

Kennsluefni og kennslugögn

- Stika 1a og 1b - Nemendabók og æfingahefti
- Hugtakasafn í stærðfræði
- Þrír í röð (vefur - margföldun)

- Stærðfræði er skemmtileg (vefur)
- Ítarefni fá kennurum

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Innlögn kennara fyrir nemendur einslega og í hópum.
- Útlistunarkennsla: Kennarinn leiðbeinir, miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spryr spurninga.
- Einstaklings-, para- og hópavinnna.
- Kennarinn fylgist með og bregst við þörfum hvers og eins, t.d. með auðveldari/þyngri verkefnum, forritum í spjaldtölvum, hlustunarefnni og ljósritum.

Námsmat

- Lotukannanir jafnt og þétt yfir skólaárið
- Ákveðin verkefni, hlutbundin og óhlutbundin metin
- Hugtakaskilningur metinn
- Margföldunarkannanir.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirlægð: reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmynd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagsheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 5. bekk

Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegar menningar, trúar og lífsviðhorfa.	Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.	Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.	Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
Sýnt samferðafólk sínu tillitssemi og umhyggju.			

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Áttar sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.	Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.	Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.	Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.	Lýst margvíslegum tilfinningum og áttar sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.	Lýst með dænum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildidisms fyrir eigin sjálfsvitund.	Metið og brugðist við ólkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
Notað kort og gróf til að afla sér upplýsinga.	Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.	Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.	Rökrætt um ólkum málefni af samfélagsum og siðferðilegum toga.
Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tínum.	Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.	Sýnt sanngirmi, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þáttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasátmálum.	Tileinkað sér heilbrigða og holla lifshætti.		

Kennsluefni og kennslugögn

- Leifur Eiríksson
- Ísland – Hér búum við
- Kvistir (stuttar fræðslumyndir)
- Kortasjá Náttúrufræðistofnunar
- Vefrally
- Þemabækur: Flóttamenn og farandfólk & Fordómar og þróngsýni
- Kennsluáætlun í Stuðningur við jákvæða hegðun (PBS)
- Stöndum saman
- Kvan.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Útlistunarkennsla: Kennarinn er í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga
- Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu
- Einstaklings-, para- og hópavinnna.

Námsmat

- Ísland - listaverk úr yddi
- Leifur heppni – stuttmynd/leikrit
- Ísland hér búum við – vinnubók og sex kannanir.

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í two þætti; verklag og viðfangsefni. Þættir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 5. bekk

Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.

Lýst bylgjuhreyfingum og reitt nýtingu hljóðs og ljóss í tækní og atvinnulífi.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.	Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.	Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvunar og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabýggð, umhverfi og náttúru.	Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.	Greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.	Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.	Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna.	Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.	Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.	Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.	Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.	Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður.	Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

Kennsluefni og kennslugögn

- Náttúrulega 1 - lesbók og vinnubók
- Geitungar á Íslandi
- Kvistir (stutt fræðslumyndbönd)
- Plöntuvefurinn
- Útikennsla
- Kynfræðsla

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Útlistunarkennsla
- Jafningjakennsla
- Umræðu- og spurnaraðferðir

Námsmat

- Símat með könnunum, verkefnum og munnlega

Enska

Hæfniviðmið

Enskukunnáttu veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál.

Nemendur kynnast ensku og læra undirstöðuatriði einfaldrar málfræði. Ásamt því að skilja einföld hugtök tungumálsins með því að tala, hlusta og skrifa.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.	Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í	Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppfletritir orðabækur, veforðasófn, leiðréttigarforrit og leitarvélar.	Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.	Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.	Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.	Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.	Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.	Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.			

Kennsluefni og kennslugögn

- Enskar málfræðiæfingar A
- Yes We Can, lesbók og vinnubók
- Hickory (æfingahefti)
- Dickory (æfingahefti)
- Dock (æfingahefti)
- Námsleikir og námsvefir.
- Fjölbreytt verkefni af twinkl

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Útlistunarkennsla, jafningjakennsla, umræðu- og spurnaraðferðir
- Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu
- Einstaklings-, para- og hópavinnna.

Námsmat

- Stíla-, glósu-, hlustunar-, munleg- og málfræðipróf.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.	Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.	Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.	Matreitt einfaldar og hollar máltaðir og nýtt hráefnið sem best.
Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.	Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.		

Kennsluefni og kennslugögn

- Gott og gagnlegt 1 ásamt ljósrituðu og rafrænuefni frá kennara

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari og eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa á því að halda. Unnið er bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu, bæði verklega og bóklega

Námsmat

- Nemandinn er metin út frá frammistöðu í tínum

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður úlit og uppyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 5. bekk

Hannað og smíðað verkefni sem nýrir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum.	Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélögum.	Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.	
---	--	--	--

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem feller til í smíðastofunni.	Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.	Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.	Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.	Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.	Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.	Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.			

Kennsluefni og kennslugögn

- Efni af vef, handbækur og blöð.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Fyrirlestur/Innlögn í upphafi annar.
- Sýnikennsla (einstaklings-/hópkennsla) sem á sér stað yfir alla önnina og tekur mið af því hvernig verkefni og vinna nemenda þróast hverju sinni.
- Einstaklingskennsla með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð.
- Samvinnunám þar sem nemendur eru með hvatningu styrktir til að aðstoða hvern annan, hlusta og skiptast á skoðunum.
- Umræður er stór þáttur í allri hugmyndasköpun, skipst er á skoðunum og leiðir kennari nemendur í gegnum umræður sem einkennast af gagnrýnni hugsun.
- Áhersla er lögð á virðingu, ábyrgð og vinsemd.

Námsmat

- Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.
- Áhugi og virkni verður metin:
 - Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Hæfni náð - Mjög oft áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Á góðri leið- Er oftast áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Parfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund

Myndlist

Hæfniviðmið

Í myndlist læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýnnin hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.	Greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélöginnu.	Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.	Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.			

Kennsluefni og kennslugögn

- Lesefni:* The Usborne Book of Art Skills, Art in Action, Listasaga, Frá Hellalist til 1900.
- Efni á netinu:* Mrs. Brown art lessons, National Gallery of art og Tate Kids.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Fyrirlestrar, umræður, hópavinna, einstaklingsvinna, teikning og málun. Verkefnagerð er með hliðsjón af einstaklingsbundnum þörfum þeirra og getu.

Námsmat

- Símat kennara á vinnu nemenda: Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.
- Fullklárað lokaverkefni sem uppfyllir markmið námskeiðsins
Ábyrgð á umhverfi: Nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni.
- Ferilmöppur: Veita nemendum tækifæri til að sýna fram á hugsanir sínar með skissum, myndverkum og glósum til viðbragðs við nýjum hugtökum sem farið er hugsanlega yfir í tínum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Í Textílmennt þjálfa nemendur í fínreyfingar og að vinna í samvinnu við aðra nemendur. Einnig unnið með þrautseigju og elju, að gefast ekki upp þó að allt sé ekki fullkomið.

Þá lærir nemandinn að vera skapandi sem veitir honum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Einnig að líta á verkefnin sem tækifæri til að vaxa og þroskast sem verkfæri til að ná markmiðum sínum

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.	Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textilefnum.	Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni.	Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.
Gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruefna og gerviefna.	Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.	Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.	Sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir.
Unnið með einföld snið og uppskriftir.	Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.	Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.	

Kennsluefni og kennslugögn

- Leikni æfingar í vélsaumi gefnar út af Námsgagnastofnun.
- Áhöld: saumavél, efni, skæri, málband, sprettuhnífur og tituprjónar.
- Ljósrit frá kennara.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennt er á saumavélar og því sem tengist þeim.
- Sýnikennsla á hvernig saumavélar virka .
- Para- og samvinna þar sem nemendur vinna tveir og tveir saman
- Leiðsagnarnám, þar sem nemandinn fær að njóta sín í verkefnainnunni en getur leitað leiðsagnar hjá samnemendum eða kennaranum ef með þarf.
- Þeir nemendur sem klára verkefnið fyrr fá aukaverkefni.
 - Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.

Námsmat

- Metin eru verk nemenda, áhugi, vinnusemi, frágangur og umgengni. Einkunn er gefin í bókstaf.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Í upplýsingar- og tæknimennt eru hæfniviðmið aðalnámskrár sett fram í fimm flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun auk siðferði og öryggismál.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um síðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Net- og netmiðlum.	Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.	Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.	Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkveman og fjölbreyttan hátt.			

Kennsluefni og kennslugögn

- Word
- Power Point
- hourofcode.org
- myndvinnsluforrit
- Mentor

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Jafningjakennsla
- Kennari í hlutverki fræðarans
- Sýnikennsla
- Verklegt

Námsmat

- Símat

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lifernis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.	Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvárdanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihálpars, endurlifgun og biargað	Gert æfingar sem reyna á lofháðþol.
Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.	Notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.	Nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtímagarmarkmið í íþróttum og heilsurekt og unnið að þeim.	Rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttaumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.
Skyrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsþrótt.	Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsum 8 m auk þess að stinga sér af bakka.	Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.	Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.
Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.	Tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.	Útskýrt misjafnan líkamlegan proska einstaklinga og kynj	

Kennsluefni og kennslugögn

- Öll almenn áhöld íþróttahúsa og sundlauga.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu.
- Dæmi um æfingar sem kennari leggur fyrir svo þeir nái námsmarkmiðum eru t.d. sippa, kasta bolta, klifra í rimlum, hlaup, eltingaleikir, ganga á bekkjum, armbeygjur, kviðæfingar, boltaleikir, kollhnís, jafnvægisæfingar o.s.frv.
- Æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrirmælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum.
- Dæmi um para-/hópverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið sbr. tvö lið í fótbolta, eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun.

Námsmat

Íþróttir – metin verður hæfni með: Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnaðar þjálfunar og hæfni ekki náð. Lokaeinkunn í bókstöfum.

- Hæfni í eftifarandi verklegum þáttum verður metin: Polpróf, sippa, langstökk án atrennu, armbeygjur, liðleiki og jafnvægi

- Áhugi og virkni verður metin:
- Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
- Hæfni náð - Er mjög áhugasamur og virkur í kennslustund
- Á góðri leið - Er oftast áhugasamur og virkur í kennslustund
- Þarfnað þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund

Sund - nemendur fá einkunn: Lokið – Ólokið. Nemandi fær lokið ef hann líkur sundstigi á árinu.

- Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti fimm af sjö hæfniþáttum í verklegum prófum til að ná 5. sundstigi.
 1. 50 m bringusund.
 2. 25 m skólabaksund.
 3. 25 m skriðsund m/sundfit.
 4. 12 m baksund.
 5. 10 m flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja.
 6. Stunga af bakka .
 7. Hlutur sóttur á 1-2 m dýpi eftir þriggja metra kafsund.
 8. Áhugi og virkni

Áhugasviðsverkefni

Hæfniviðmið

Nemendum á miðstigi er skipt í hópa þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Nemendur fá val um að vinna þvert á árganga sem og að velja sér hjá hvaða kennara verkefnið er unnið. Nemendur vinna að verkefninu sínu í ákveðið margar vikur og sýna svo afraksturinn á sýningu á sal.

Námsflokkar	Hæfniviðmið
Markmiðasetning	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur setja sér markmið og fylgja hugmyndum sínum eftir
Vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none">• Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Kennsluefni og kennslugögn

- Eftir þörfum hvers og eins.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Nemendamiðuð kennsla. Kennari er í hlutverki aðstoðarmanns og nemandinn setur sér markmið og fylgir þeim eftir. Jafningjafræðsla.

Námsmat

- *Lokið/Ólokið* - Metið verður í desember og maí en þá kynna nemendur verkefnin sín.

Listir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum lista skipt í sköpun, samskipti, menningu og umhverfi. Námsgreinin er bæði kennd aðgreind en einnig er leitast við að samþætta við aðrar námsgreinar.

Kennsluefni og kennslugögn

- Ýmsir vefir, tónlist, myndbönd
- Ýmis lista efni, íslensk ull, pappír, listavagnar, búningar, pennar og litir, leir, myndlistarvörur, listbækur, tölver/spjaldtölver, spil og fl.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Umræður
- Kveikja
- Verkefnavinna
- Verkleg vinna
- Samþætting á milli verka
- Þáttaka í verkefninu

Námsmat

- Sjálfstæð vinnubrögð og frammistöðumat
- Úr hugmynd í útfærslu og túlkun, sköpun og frumleiki
- Greint einkenni lita og unnið með þá
- Þáttaka og áhugi
- Samvinna nemenda í hóp

Leiklist

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir leiklist tengd sviðslistum. Markmiðið er nemendur þjálfist í aðferðum leiklistar, fái tækifæri til að setja sig í spor annarra, auk þess að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar.	Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.	Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhús, látbragðsleik, kyrrmyndum).	Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í felagi við aðra með skýrum persónum, sögupréði og framvindu.
Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið hemni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsþeitingu.	Sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði.	Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.	Sýnt fram á tök á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu.
Rætt um leikið efni á svíði og myndmíðum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigin líf og samfélag.			

Dans

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir dans tengd sviðslistum. Markmiðið er að örva og þroska líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind nemenda.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju.	Tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisisvenjunum í dansi.	Rætt um dans út frá persónulegri upplifun.	Dansað grunnspor í paradönum og einföldum þjóðönsum.
Unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, þæði veitt og tekið á móti uppbryggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi.	Geti sett saman einfalt dansverk, sýnt það og valið undir leiðsögn kennara umgerð (t.d. tónlist og rými) við hæfi.	Unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, þæði veitt og tekið á móti uppbryggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi.	

Tónmennt

Hæfniviðmið

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljónum, túlkun og formi til að nemendur geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl nónlistar, gert sér grein fyrir gildi og notið hennar. Tónlist er tengd öllu skólastarfi og því samþætt við aðrar námsgreinar.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.	Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áhevrendur og skrásett bað.	Greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirmi.	Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
Greint ólfkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.	Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð eða tónverk.	Greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottiinn úr.	